


Ný námsgögn til að efla málþroska og læsi

Komin eru í sölu tvö spil sem ætluð eru til að efla bernskulæsi og hljóðvitund leikskólabarna. Þau bera heitin *Orðahljóð: hljóð, mynd, orð I* og *II* og voru upphaflega ætluð til að nota í leikskóla en geta einnig nýst á fyrsta stigi grunnskóla og til kennslu barna í áhættu um lestrarerfiðleika. Spilin eru hentug til að þjálfa hljóðvitund barna sem hafa íslensku sem annað mál og kenna þeim íslensk hugtök. Með *Orðahljóðum* læra börn að tengja máhljóð við rituð orð og bókstafi. Allar myndir í spilunum eru frumteikningar, teiknaðar af ungri myndlistarkonu Rakel McMahon en höfundur *Orðahljóða* er Guðrún Sigursteinsdóttir, sérkennsluráðgjafi. *Orðahljóð* hafa verið notuð í tilraunakennslu í leikskólunum Reynisholti og Rauðaborg. Spilin eru seld saman í möppu og verða kennarar að klippa út og plasta fyrir notkun. Mappan kostar 15.800- kr og er hver mappa númeruð. Þau eru eingögnu seld í **Barnasmiðjunni ehf við Gylfaflöt** og rennur ágóði af sölu þeirra til **Bernskunnar Íslandsdeildar OMEP**.



Alþjóðasamtökin OMEP voru stofnuð 1948 í Prag. Það voru Bretar, Frakkar og Skandinavarnir sem höfðu forgöngu um stofnun samtakanna í kjölfar mikilla hörmunga sem seinni heimstyrjöldin leiddi yfir yngstu þólandur stríðsins. Stofnendur töldu að velferð barna undir skólaskyldualdri væri lítill gaumur gefinn og að brýna nauðsyn bæri til að stofna samtök sem væri vettvangur til umræðu um uppeðiskilyrði og mikilvægi umönnunar þeirra. Meginmarmið OMEP voru sett fyrir 60 árum og eru enn í fullu gildi. Lykilorð þeirra eru **velferð, uppeðiskilyrði, þroski, hamingja, hagar, heill, að vera málsvari** og berjast fyrir **rétti barna**. Aðildarlöndin eru um 85 í öllum heimsálfum. Íslandsdeild OMEP, **Bernskan**, var stofnuð árið 1989.